

ISIS

Birtingarmynd nútíma hryðjuverkastarfsemi

Þróun ISIS í sögulegu samhengi

Thelma Rut Haukdal Magnúsdóttir

Lokaverkefni til BA-gráðu í stjórnmálafræði
Leiðbeinandi: Brynja Huld Óskarsdóttir
Umsjónarkennari: Silja Bára Ómarsdóttir

Stjórnmálafræðideild
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands
Desember 2017

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA gráðu í stjórnmálafræði.
Óheimilt er að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Thelma Rut Haukdal Magnúsdóttir
Kt. 130992-2189

Prentun: Svansprent
Reykjavík, Ísland 2017

Útdráttur

Í þessu verkefni er farið yfir sögu hryðjuverkastarfsemi með áherslu á íslömsku hryðjuverkasamtökin ISIS. Reynir höfundur að varpa ljósi á hvað flokkist sem hryðjuverk og hvernig hryðjuverkahópar verða til, í hvaða umhverfi og í hvaða tilgangi ásamt því að skoða þróun hryðjuverka í gegnum tíðina. Hryðjuverk hafa þekkt allt frá tímum frönsku byltingarinnar á 18. öld og hafa þróast frá þeim tíma í samhengi við sögulegt og pólitískt umhverfi ásamt aukinni hnattvæðingu og tækniþróun. Hryðjuverk hafa á þessum tíma færst frá því að eiga sér þjóðernislegan uppruna í það að ganga þvert á landamæri með alþjóðlegri starfsemi og dreifðari ógn byggt á trúarlegum gildum. Gerendur benda í miklum mæli á æðri mátt og trúarlegan tilgang sem leiddi þá til árása. ISIS hefur vaxið í samræmi við landfræðilega staðsetningu og aðstæður á svæðinu. Nýliðun innan hreyfinga ISIS er alþjóðleg og nýtir sér nútíma tækni og miðla, þá getur reynst erfitt að komast að nákvæmum niðurstöðum þegar mynstur árása ISIS er skoðað. Með aukinni þekkingu og uppbyggingu þjóðfélaga má draga úr þeirri ógn sem stafar af hryðjuverkum um heim allan þar sem umhverfi og gildi samfélaga móta hugmyndir þegnanna. Með samstarfi þjóða hefur talsverðum árangri verið náð í átt að því að veikja starfsemi ISIS.

Efnisyfirlit

1. Inngangur	1
2. Hryðjuverk	2
3. Saga hryðjuverka	3
3.1 Þjóðernishyggja	4
3.2 Bylgjur hryðjuverka.....	4
3.3 Hnattvæðing og hryðjuverk.....	7
4. Nýjar og gamlar aðferðir hryðjuverka	8
5. Trúarleg hryðjuverk	11
6. Íslamskir hryðjuverkahópar	12
6.1 Íslam	13
6.2 Kalífadæmi	13
6.3 Jihad	15
6.4 Al Qaeda.....	16
6.5 ISIS	17
7. ISIS	17
7.1 Uppruni	18
7.2 Sögulegt samhengi.....	18
7.3 Endurvakið Kalífadæmi ISIS.....	19
7.4 Jihadismi	20
7.5 Stjórnarfar ISIS.....	21
7.6 Aðferðir, efnahagur, landsvæði, vopn.....	23
7.7 Liðssöfnun og nýliðun	26
7.8 Dreifing hugmyndafræði.....	27
7.9 Þróun eða stöðnun.....	29
8. Niðurstöður	30
Heimildaskrá	34

1. Inngangur

Hryðjuverk hafa verið hluti af samfélagi manna í hundruð ára í ýmsum myndum um allan heim. Þó getur reynst flókið að skilgreina hugtakið hryðjuverk og hvað felst í því. Hryðjuverk eru framin af einstaklingum og/eða hryðjuverkahópum og vert er að skoða á hvaða hátt hryðjuverkahópar verða til og hvernig þeir þróast í gegnum söguna. Í hvers konar umhverfi verða hryðjuverkahópar til og hver er tilgangur aðgerða þeirra og hermdarverka?

Þegar hryðjuverkastarfsemi er skoðuð í samhengi við söguna má jafnvel greina mynstur og tengingar við svæði og ríkjandi hugmyndafræði og byltingar hvers tíma. Undanfarna áratugi hafa íslamskir hryðjuverkahópar verið áberandi og þá einna helst eftir hryðjuverkin 11. september 2001. Í þessu verkefni mun höfundur skoða nútíma birtingarmynd hryðjuverkastarfsemi, helstu einkenni og þróun.

Þetta verkefni greinir hryðjuverkahópinn Íslamska ríkið (e. Islamic State of Iraq and Syria (ISIS)), íslamskan öfgahóp sem vinnur samkvæmt ströngum sharia-lögum um íslam og á rætur sínar að rekja og starfar að mestu í Írak og Sýrlandi. Mikið hefur farið fyrir ISIS á síðustu árum og hafa samtökin valdið miklum ótta og skilið eftir sig fjölda fórnarlamba. Samtökin verða skoðuð í ljósi kenninga um hryðjuverk og sögulegt samhengi með hliðsjón af hnattvæðingu, tæknilegrar þróunar og tilkomu internetsins og áhrif þess á aðferðir ISIS. Að auki verður lögð áhersla á hlutverk trúarbragða í uppbyggingu og þróun samtakanna og rýnt í aðferðir samtakanna og stjórnkerfi.

Hér verður skoðað að hvaða leyti hryðjuverkastarfsemi hefur breyst frá upphafi skilgreiningar og hvaða aðferðir hryðjuverkasamtökin ISIS nota og í hvaða umhverfi samtökin fengu að vaxa og dafna.

2. Hryðjuverk

Orðið hryðjuverk er hægt að rekja allt til 18. aldar. Fyrst má nefna tilvitnanir frá 1790, í ensku Oxford orðabókinni, þá gefur hún tvær skilgreiningar á hryðjuverkum: (1) „stjórn með ógnunum og hótunum samkvæmt fyrirætlunum sem framkvæmdar voru af hálfu valdhafa í Frakklandi í byltingunni 1789-94 ...“ og (2) „stefna sem ætlað er að ráðast með ógnunum að þeim sem fyrir henni verða.“ Báðar skilgreiningar vísa til dreifingar á ógn og ofbeldi gegn óvinum og þeim sem standa utan hins hefðbundna forms pólitískrar baráttu.¹

Hægt er að skilgreina hugtakið hryðjuverk á margan og ólíkan hátt og oft kjósa ríkisstjórnir eða hagsmunahópar að fara eftir þeirri skilgreiningu sem hentar þeim best til að ná fram markmiðum sínum. Þar af leiðandi verður til mismunandi skilgreining á því sem kalla má hryðjuverkastarfsemi og hvað er skilgreint sem ofbeldisverknaður. Hryðjuverkastarfsemi er skipulagt ofbeldi sem framið er vísitandi af hópi eða einstaklingi með það að markmiði að ógna sem flestum. Hryðjuverk eru framin til þess að ógna og valda skaða, ekki tortíma. Það sem gerir erfitt að greina hryðjuverkahópa frá öðrum ofbeldishópum er hversu ólíkir þeir geta verið í uppbyggingu, stefnu og aðferðum. Að auki vinna þeir eftir mismunandi skilgreiningum og stefnum um hvað sé rétt og hver hinn sanni óvinur sé.²

Erfitt hefur verið að skilgreina hugtakið hryðjuverk á einfaldan hátt þar sem hryðjuverk geta komið upp á ólíkan máta. Markmið hryðjuverka er þó oftast hið sama, að nýta sér óttann við möguleg hryðjuverk og/eða ofbeldi til þess að ná athygli sem flestra og jafnvel til að koma sér eða sínum skoðunum og/eða tilætlunum á framfæri. Hryðjuverk eru framin af einstaklingi eða hópi sem er oftast hluti af stærri hryðjuverkastarfsemi í þeim tilgangi að ná fram fyrirætlunum sínum, sem oft eru á pólitísku sviði. Fórnarlömb hryðjuverka í dag eru oft en ekki saklausir borgarar sem eru ekki þess megnugir að verða við kröfum þeirra. Það sem verkin skilja eftir sig er ótti og athygli hjá stórum hluta almennings sem er meginmarkmið hryðjuverka, eins og áður kom fram. Drifkraftur hryðjuverka er ótti vegna þess hversu máttugur óttinn er í því að draga að sér athygli sem veitir þeim sem hryðjuverkið fremur frekara vald til þess að ná fram fyrirætlunum eða kröfum sínum.³

¹ Tilly 2004:8

² Cottam o.fl. 2010:264

³ Rogers 2015:223-224

Varast skal alhæfingar um hryðjuverk eða þá sem þau fremja að því leyti að þeir séu siðblindir einstaklingar með enga skynjun á samkennd eða lögum og reglum vegna þess að þeir hafa mótast af menningu sinni, ákveðinni hugmyndafræði og pólitískum þáttum. Þó ekki sé hægt að alhæfa um hryðjuverkamenn og hópa þá eru þeir ekki einangraðir og nýta þeir sér tækni sem aðrir hópar hafa þróað með sér og þau tæki og tól sem geta komið þeim að gagni. Þeir læra af hver öðrum og herma eftir því sem vel hefur gengið hjá öðrum hópum.⁴

Hryðjuverk leita eftir viðbrögðum frá samfélaginu að því leyti að verknaðurinn sjálfur fær frekari athygli en sá sem málið í raun varðar, eða það svæði þar sem hryðjuverk er framið.⁵ Þar að auki fela hryðjuverk í sér áætlanir gegnum þvingun og ofbeldisverk þar sem hryðjuverk geta haft áhrif á hvernig aðrir áhrifahópar haga sér með hótunum eða með því að valda hryðjuverkum. Þau virða engin mörk, hvorki landfræðileg eða siðferðileg. Víglínurnar eru alls staðar og eitthvað er í húfi á hverjum stað. Hryðjuverk drepa ekki aðeins fólk. Þau ógna einnig lýðræðislegum stofnunum innan samfélaga, draga mátt úr hagkerfum og ógna stöðugleika þjóða og svæða.⁶

3. Saga hryðjuverka

Hryðjuverk hafa í gegnum tíðina átt sér stað bæði sem mótstaða við ríkisvald eða til þess að þjóna hagsmunum ríkis, og ofbeldisverk hryðjuverkahópa leita oft eftir pólitískri svörun eða niðurstöðu. Ástæður hryðjuverka hafa í gegnum tíðina verið skoðaðar í samhengi við tíðaranda og í sögulegu samhengi. Í umfjöllun um ástæður hryðjuverka er oft bent á þetta sögulega samhengi ásamt byltingum og ríkjandi hugmyndafræði þess tíma sem ákveðin hryðjuverk- og hópar eru til skoðunar. Þá má nefna hugmyndafræði Marx og Leníns, þjóðernishyggju og byltingar tengdar veikleikum ríkisstjórna og kúgun þjóða og samfélagshópa.⁷

Hryðjuverk hafa verið hluti af nútíma stjórnmálum frá tímum frönsku byltingarinnar (1789), þá sérstaklega í tengslum við ríkjandi hugmyndafræði hvers

⁴ Jenkins 2006:117

⁵ Rogers 2015:221-224

⁶ Tilly 2004:5

⁷ Crenshaw 1981:379

tíma. Þjóðernishyggja, stjórnleysisstefna og félagshyggja höfðu einkum mikil áhrif á hryðjuverk síns tíma og virkaði jafnvel sem kveikja að sumri hryðjuverkastarfsemi.⁸

3.1 Þjóðernishyggja

Þjóðernishyggja er eitt af þeim hugtökum sem notað er í miklum mæli og er orðið að mörgu leyti að ofnotuðum frasa í umræðu um stjórnsmál og samfélagsmál. Andi þjóðernishyggjunnar er í grunninn mjög jákvæður og getur á suman hátt reynst samfélögum til góðs. Þjóðernishyggja kemur stundum fram í öfgafullri hollustu við þjóðarstolt. Þjóðernishyggja getur beinst að þjóðinni og samfélaginu sjálfu sem kemur fram í stolti íbúa þjóðar, m.a. vegna afreka hennar og sögu og íbúar finna oft fyrir virðingu og skyldu gagnvart þjóð sinni eða samlöndum. Hún getur þó einnig beinst neikvætt að öðrum þjóðum og getur valdið skaða. Þannig skapar þjóðernishyggja vandamál þegar virðing fyrir öðrum ríkjum og íbúum þeirra glatast.⁹

3.2 Bylgjur hryðjuverka

Einkenni hryðjuverkastarfseminnar og tímabilið sem starfsemin stóð yfir tengjast óumdeilanlega þar sem hryðjuverk eru tengd pólitískum og sögulegum atburðum að miklu eða einhverju leyti. Hryðjuverk og hryðjuverkastarfsemi eru þannig gjarnan flokkuð eftir tímabilum. Stefna hvernar bylgju fól í sér einhverskonar byltingu en skilningur og meginmarkmið þessara byltinga voru mismunandi á hverjum tíma. Hryðjuverkasamtök hafa mörg það að markmiði með byltingum sínum að segja sig úr einhverskonar sambandi eða hreinlega óska eftir sjálfstjórn. Byltingar er einnig hægt að tengja við róttæka endurskipulagingu valds og eru markmið um að stofna ný ríki oft tengd við eyðileggingu þess sem fyrir var.¹⁰

Fyrsta bylgjan er nefnd bylgja stjórnleysis og varði frá 1880 til 1920. Þaðan tók við bylgja gegn nýlendustefnu fram til 1960. Á 7. áratugnum varð til ný bylgja til vinstri og var hún tengd félagshyggjumarkmiðum en hvarf svo að mestu leyti eftir 1990. Fjórða bylgjan er sú sem við tengjum við nútíma og er nefnd bylgja trúarbragða og byrjaði árið 1979.¹¹

Samkvæmt þessum flokkunum virðast bylgjurnar vera kynslóðaskiptar þar sem hver bylgja varir í um 40-45 ár. Venjulega fjara hryðjuverkahópar út áður en

⁸ Crenshaw 1981:380

⁹ Jordan 1916:43

¹⁰ Rapoport 2002:2

¹¹ Rapoport 2002:2

bylgjan líður hjá en sumir hópar halda velli þrátt fyrir ný einkenni og áherslur hvers tímabils.¹²

Stjórnleysisbylgjan (1880-1920) var á því tímabili þar sem mikið var um launmorð á mikilvægum og pólitískum persónum í Vestrænum ríkjum. Forsætisráðherrar og forsetar féllu fyrir hendi svokallaðra stjórnleysingja, eða anarkista, sem ferðuðust á milli landa í þeim tilgangi að koma þessum leiðtogum fyrir kattarnef. Þessar aðgerðir leiddu til tilrauna til samvinnu ríkja og stjórnvalda til þess að hafa stjórn á landamærum sínum. Samvinnan fól í sér sáttmála þar sem stjórnleysishugmyndir voru yfirlýstar sem óæskilegar og jafnvel flokkaðar sem glæpur gegn mannkyninu. Þessar aðgerðir og tilætlanir til samvinnu voru í raun fyrsta tilraun gegn hryðjuverkum þvert á landamæri en lítið varð úr þar sem stefna ríkja var mismunandi auk þess sem sum ríki héldu uppi hryðjuverkastarfsemi til þess að ná fram pólitískum tilætlunum ríkisins.¹³

Á árunum í kringum 1920 kom fram ný bylgja hryðjuverkastarfsemi sem nefnd er í höfuðið á andnýlendustefnu. Bylgjurnar eru nátengdar því sem var að gerast í heiminum í sögulegu og pólitísku samhengi og því einkennist þessi bylgja hryðjuverka að miklu leyti af þjóðernishyggju sem var afar rík og útbreidd á þessum tíma. Leiðtogar hryðjuverkahópa og áhrifavaldar í stefnu þeirra voru yfirleitt tengdir ríkjum og svæðum þar sem mikil áhersla var á tengingar hryðjuverkahópa í gegnum arfleifð og sameiginlega sögu og gildi. Þjóðabandalagið, sem voru alþjóðasamtök sem stofnuð voru í kjölfar fyrri heimstyrjaldar og voru í raun undanfari Sameinuðu þjóðanna, reyndu að taka á hryðjuverkavandanum en svo virtist sem enginn ynni eftir þessum áætlunum og því rann það út í sandinn. Nýlendur fengu í auknum mæli viðurkenningu eftir seinni heimstyrjöldina sem sjálfstæð ríki og Sameinuðu Þjóðirnar höfðu tekið við málum varðandi alþjóðleg hryðjuverk. Í kjölfar þessa fengu hópar sem unnu gegn nýlendustefnu byr undir báða vængi sem fól í sér skýrari formgerð hópanna og tækifæri, auk þess sem hryðjuverkamönnum var oft lýst af Sameinuðu þjóðunum sem frelsishetjum á þessum tímum. Hópar fengu á þessu tímabili frekari tækifæri til nýliðunar og uxu ört þar sem margir hópar fengu stuðning frá öðrum ríkjum sem gátu hagnast á því að hóparnir næðu fram fyrirætlunum sínum.¹⁴

¹² Rapoport 2002:2

¹³ Rapoport 2002:12

¹⁴ Rapoport 2002:13

Í umræðu um hryðjuverkastarfsemi hefur því verið haldið fram að alþjóðleg tengsl hópanna beri með sér kosti fyrir hryðjuverkahópana og frekari tækifæri. Þessi tengsl bera þó einnig með sér þá galla að hópurinn verður of háður þessum tengslum og sýndi það sig í stystu bylgju hryðjuverkastarfsemi hingað til, „nýju vinstri bylgjunni“ sem stóð frá lokum sjöunda áratugs síðustu aldar til upphafs hins tíunda. Þetta tímabil varði styttra vegna þess hve háðir hryðjuverkahópar voru þessum tengslum sem voru sérstaklega erfið á tímum kalda stríðsins.¹⁵ Á meðan á þessari bylgju stóð, tókst ríkjum loks að vinna saman á opnum og formlegum grundvelli gegn hryðjuverkastarfsemi. Bandaríkjamenn gerðu sprengjuárásir á Líbýu árið 1986 með aðstoð frá Bretlandi vegna stuðnings landsins við hryðjuverkahópa auk þess sem Evrópusambandið jók afskipti sín af hryðjuverkastarfsemi í álfunni. Þetta átti að sjálfsögðu ekki við um öll ríki þar sem ólíkar áherslur ríkja hafa í gegnum tíðina haft áhrif á vilja til samvinnu. Trú, sem er kjarni fjórðu bylgju hryðjuverka, nær svo út fyrir mörk þjóðríkja.¹⁶ Hún felur í sér tengingu við trúarbrögð frekar en þá tengingu við þjóðríki og þjóðerniskennd sem var yfirgnæfandi á fyrri tímum.¹⁷

Á 10. áratug síðustu aldar fóru að sjást nokkrar breytingar á hryðjuverkum um allan heim. Árásum fækkaði en fórnarlömbum fjölgaði ásamt því að æ fleiri árásir voru gerðar í trúarlegum tilgangi og voru stærri hópar skotmarkið. Rannsóknir hafa sýnt að fjölgun trúartengdra hryðjuverkasamtaka var geysilega hröð þar sem engin hryðjuverkasamtök voru trúartengd árið 1968, tvenn samtök tengdu sig trúarbrögðum árið 1980 en talan reis í 25 trúartengd hryðjuverkasamtök árið 1995.¹⁸ Al Qaeda kemur fram á þessu tímabili og ber með sér eiginleika sem eru einstakir í sögu hryðjuverkahópa. Hópurinn kemur fram með þann æðsta tilgang að skapa nýtt ríki. Heilagt land fyrir alla múslima sem stjórnað verði með sharia-lögum og nær nýliðunarferli hópsins til fólks frá mismunandi löndum í gegnum trúarbrögð í fyrsta sinn í sögu hryðjuverkastarfsemi. Hingað til höfðu hryðjuverkahópar fengið til sín nýliða innan þess ríkis sem þeir störfuðu í en tenging Al Qaeda við hugmyndir um sameiningu súnni múslima í Mið-Austurlöndum, Afríku og Asíu var ný og mikilvæg tenging í sögu hryðjuverka. Al Qaeda sækist eftir meðlimum frá þessum ríkjum auk þeirra múslima sem flust hafa til vestrænna ríkja en langflestir meðlimir koma frá Egyptalandi og Sádí-Arabíu. Markmið Al Qaeda fólu í sér að styrkja íslamska

¹⁵ Rapoport 2002:14

¹⁶ Rapoport 2002:15

¹⁷ Rapoport 2002:15

¹⁸ Cronin 2002-2003:42

byltingarsinna í ýmsum ríkjum og svæðum súnní múslima og hrekja herfylkingar Bandaríkjamanna frá heilögustu svæðum þeirra. Þar að auki var markmið þeirra að auka á reiði gagnvart inngrípum Bandaríkjamanna í Palestínu og Írak. Al Qaeda gekk illa að ná markmiðum sínum og árásir hópsins virtust ekki fanga mikla athygli fyrr en í árásum þeirra á tvíburaturnanna þann 11. september 2001. Þær árásir má túlka sem örvæntingarfulla tilraun til að vekja upp málstað sem virtist glataður. Með þeim átti að ýta við bandarískum stjórnvöldum til að grípa til aðgerða með viðbrögðum sem leiddu til aukinna áhrifa samtakanna meðal múslima.¹⁹

Sagan sýnir okkur að bylgjur og einkenni hryðjuverkastarfsemi ræðst af miklu leyti af innblæstri og stefnu hópa, byltingum og hugmyndafræði sem er ríkjandi á hverjum tíma. Við sjáum að þessar hugmyndir fá jafnan minnkandi vægi með tímanum meðfram aðgerðum til að sporna við þess konar starfsemi auk þess sem sagan sýnir getu hryðjuverkahópa til að aðlagast ólíkum aðstæðum og finna nýjar leiðir til að þróa starfsemi sína.²⁰

3.3 Hnattvæðing og hryðjuverk

Hnattvæðing (e. globalization) hefur engan eiginlegan upphafspunkt og erfitt er að setja fingurinn á hvenær hún hófst og hvar hún endar. Hugtakið felur í sér samþættingu efnahags, færanleika þekkingar, menningarlegs stöðugleika og fjölgunar auk þess að sameina vald samtaka. Hnattvæðing er alþjóðlegt ferli og hugtak sem felur í sér byltingu á uppbyggingu alþjóðahyggju, laus við staðbundin félagsleg og pólitísk yfirråd.²¹

Aðferðir og tól hryðjuverkasamtaka hafa breyst gífurlega í kjölfar hnattvæðingar og tækniþróunar og auðveldar aðgengi hópa að stuðningi og tækifærum þvert á landamæri. Líkt og hnattvæðingin sjálf tengist þetta allt á einhvern hátt og skarast.²²

Ein helsta breyting á hryðjuverkastarfsemi nútímans eru þeir auknu efnahagslegu möguleikar og aðferðir til þess að styðja við hryðjuverkasamtök sem gerir þeim kleift að framkvæma árásir fjarri landfræðilegri staðsetningu sinni. Í kjölfarið er erfiðara að fylgja á eftir og koma í veg fyrir árásir sem þessar þar sem

¹⁹ Rapoport 2002:11

²⁰ Rapoport 2002:17

²¹ Al-Rodhan o.fl. 2006:3

²² Cronin 2002-2003:46

uppsprettan er ekki endilega sýnileg.²³ Notkun nútímatækni, líkt og internetsins, er dæmi um tæknilega þróun sem auðveldar hryðjuverkahópum samskipti og starfsemi. Aukið flæði varnings og fólks á milli ríkja, internetið, fjölmiðlar og fleiri aðferðir tengdar hnattvæðingu eru nýttar til varnar gegn hryðjuverkum jafnt og til þróunar á hryðjuverkastarfsemi og eru mjög mikilvægar þegar hryðjuverk eru skoðuð í alþjóðlegu umhverfi dagsins í dag.²⁴

Hryðjuverkahópar leita í auknum mæli á internetið og felst það m.a. í því að taka yfir eða valda skaða á vefsíðum, svo dæmi sé nefnt. Það veldur vissulega ekki líkamlegum skaða en laðar oft að sér athygli fjölmiðla og getur valdið annars háttar skaða. Árásir sem þessar eru oft auðveldar fyrir ýmsa hryðjuverkahópa að framkvæma án þess að koma upp um sig og býður upp á samræmingu á alþjóðavettvangi. Þess konar árásir hafa þó ekki valdið miklum skaða eins og staðan er í dag og skapa frekar óþægindi en að valda ógn. Internetið, ásamt fleiri aðferðum sem hnattvæðingin býður uppá hefur þó einnig borið með sér aukna skilvirkni í starfsemi hryðjuverkasamtaka. Þessi aukna skilvirkni kemur m.a. fram í betri samræmingu aðgerða, nýliðun mögulegra meðlima og samskiptum fylgjenda. Internetið er því orðið mikilvægt tæki til þess að viðhalda hryðjuverkahópum og töluverður fjöldi þeirra notar þar að auki netþjóna til þess að safna peningum eða dreifa pólitískum skilaboðum og áróðri til breiðs markhóps á alþjóðavettvangi.²⁵

4. Nýjar og gamlar aðferðir hryðjuverka

Frá árásunum á tvíburaturnanna þann 11. september 2001 hefur verið mikil umfjöllun og umræða hjá þeim sem móta stefnu í samfélögum, s.s. blaðamönnum, ráðgjöfum og fræðimönnum sem halda því fram að komin sé ný bylgja eða tegund hryðjuverka sem feli í sér ógnir ólíkar þeim sem fortíðin bar með sér. Stjórnvöld hafa verið gagnrýnd fyrir að hafa leitt hjá sér vísbendingar um þessa nýju tegund hryðjuverka og í kjölfarið ekki verið í stakk búin til að koma í veg fyrir árásirnar þann 11. september.²⁶

Undanfarna áratugi hafa hryðjuverk þróast á mismunandi hátt og talað er nú um „gömul“ og „ný“ hryðjuverk. Iðnvæðingin og tæknileg þróun seinni tíma ásamt þeirri hnattvæðingu sem fylgdi hefur átt stærstan þátt í breytingu á hegðun

²³ Cronin 2002-2003:45

²⁴ Cronin 2002-2003:46

²⁵ Cronin 2002-2003:47

²⁶ Crenshaw 2007:2-3

hryðjuverkahópa og þeirra aðferða sem þeir beita við framkvæmd hryðjuverka auk breytinga í formi samskipta innan og milli þáttakenda hópanna.²⁷

Gömlu hryðjuverkin einkenndust af aðferðum sem hægt er að líkja við hvernig herir vinna. Þar voru meðlimir meira og minna afmarkaðir innan svæðis eða ríkis og er sömu sögu að segja um hvar árásir áttu sér stað, innan svæðis eða ríkis.²⁸

„Gömlu“ hryðjuverkin voru staðbundin eða innan ákvðins svæðis en ekki á alþjóðavettvangi. Markmið hryðjuverkahópa voru að koma á breytingum innan ákveðins svæðis eða lands og byggðist miklu leyti á þjóðernishyggju. Í þessum aðstæðum var oft hægt að koma á málamiðlunum milli hryðjuverkahópa og ríkisins og ná að halda árásum hópanna í lágmarki. Svo virðist sem þessi straumur hryðjuverka hafi verið með raunsæri nálgun á að ná markmiðum sínum en við sjáum í nútíma áætlunum og aðgerðum hryðjuverkahópa líkt og ISIS, sem er íslamskur öfgahópur sem starfar að mestu leyti í Írak og Sýrlandi en hefur öðlast heimsfrægð á síðustu árum með hermdarverkum sínum.²⁹

Hin „nýja“ tegund hryðjuverka ber með sér hermdarverk sem frekar eru framin á alþjóðavettvangi en innan svæða eða ríkis og vekja meiri athygli þvert á landamæri og hafa því meiri möguleika á nýliðun. Þar spilar tilkoma og þróun internetsins veigamikinn þátt.³⁰

Hugmyndafræði hryðjuverkamanna og hópa hefur í gegnum tíðina ávallt verið afar öfgafull. Gamla markmiðið með hryðjuverkum bar með sér mikla þjóðernishyggju frá sjöunda áratugnum og var að líka orðuð við Marxisma allt fram að lokum níunda áratugsins. Inntak hinna nýju tegunda hryðjuverka hefur færst í átt frá þessari þjóðernishyggju og að trúarbragðahyggju og áætlana sem miða að sameiningu gilda í nafni þeirra. Fjöldi hryðjuverkhópa sem eru byggðir á gildum trúarbragða hefur farið vaxandi frá 20. öldinni og ber þá helst að nefna hópa gyðinga, kristinna og það sem best er þekkt nú, hópar öfgafullra múslima. Breytingar hafa orðið í framkvæmd hryðjuverka en ennþá er markmið þeirra það sama, að valda ótta og skelfingu sem flestra til að ná sínu fram. Ein helsta breyting hryðjuverka undanfarna áratugi er fjölgun fórnarlamba en þeim hefur fjölgað á síðustu áratugum. Ástæður þess eru margvíslegar en helst er að nefna frekara aðgengi hryðjuverkahópa

²⁷ Naumann 2009:14-29

²⁸ Naumann 2009:14-29

²⁹ Crenshaw 2007:11

³⁰ Crenshaw 2007:11

að stöðugt öflugri vopnum. Þetta aukna aðgengi væri hægt að bendla m.a. við alþjóðavæðingu og tæknilega þróun.³¹

Hinn nýi straumur hryðjuverka felur í sér tengingu þvert á landamæri og jafnvel á alþjóðlegum skala með trúarlegum drifkrafti og auknu aðgengi að öllu því sem hryðjuverkahópur þarfnast til að valda sem mestum usla með ódæðisverkum sínum.³²

Það sem er einna mest sláandi í þróun hryðjuverka er hversu blóðug þau hafa orðið með hverjum áratugi sem líður, þ.e. hversu hratt fjöldi fórnarlamba hefur vaxið. Á áttunda áratug síðustu aldar voru fórnarlömbin í tugatali í blóðugustu árásunum en á tíunda áratugnum voru verstu árásirnar að skilja eftir sig hundruð látinna fórnarlamba og hefur árásum af þeirri stærðargráðu fjölgað ört síðan. Hér áður fyrr einbeittu hryðjuverkamenn sér ekki að fjölda fórnarlamba heldur mun frekar að því hversu mikla athygli þeir fengu út á verknaðinn. Þá var aðgengi að vopnum takmarkað en svo virtist sem hryðjuverkamönnum þætti heldur ekki vera ástæða til að myrða alla sem fyrir þeim urðu. Þeir sóttust ekki eftir óreiðu og stjórnleysi heldur frekar að ná fram pólitískum markmiðum í sínu heimalandi eða svæði. Þessir hryðjuverkamenn störfuðu helst eins og her og þar af leiðandi unnu þeir eftir ákveðnum viðmiðum og siðareglum sem miðaði að því að halda skilvirkni innan hópsins og halda honum saman. Þeir forðuðust að ögra almenningi því það gæti leitt til þess að einhverjir yfirgæfu hópinn og nýliðun í hópinn yrði erfðari.³³

Þessar hömlur viku þó úr vegi fyrir nýjum hópi hryðjuverkamanna sem tóku þátt í viðameiri og blóðugri árásum og hópar sem ekki voru tilbúnir að taka þátt í því dattu út. Fjöldi fórnarlamba til þess að vera efni í forsíðufrétt fór vaxandi og því voru þeir öfgafyllstu að fá meginathyglina ásamt því að trúarbragðahyggja og kynþáttafordómar tóku við af pólitískum markmiðum hópa fyrri tíma.³⁴

³¹ Naumann 2009:14-29

³² Naumann 2009:29

³³ Jenkins 2006:118

³⁴ Jenkins 2006:118

5. Trúarleg hryðjuverk

Þegar hugtakið hryðjuverk er tekið fyrir getur skilgreining reynst flókin og oft er sagt í því samhengi að sá sem er hryðjuverkamaður í augum eins getur verið hetja í augum annars. Munurinn liggur í því hvort þú tengir frekar við fórnarlamb eða geranda árásarinnar.³⁵

Rætur hryðjuverka teygja anga sína í mismunandi félagslega þætti sem geta verið svæðisbundir eða alþjóðlegir, pólitískir eða einstaklingsbundnir, sálfræðilegir eða kerfisbundir auk margra annarra mótandi þátta og mismunandi samsetninga þeirra, en þó skipta þeir mismiklu máli. Hryðjuverk markast af mörgum ólíkum undirliggjandi þáttum og þar marka trúarbrögð stóran og áhrifamikinn sess. Hlutverk trúar í sumum samfélögum nútímans er mjög fyrirferðarmikið og er að mörgu leyti talið vera óaðskiljanlegur liður í stjórnámálamenningu sumra ríkja. Tilgangur trúarbragða er að miklu leyti leit að merkingu lífsins og leitar út fyrir það mannlega til að finna æðri merkingu í upplifunum og þjáningum raunveruleikans. Í þessum fallegu meiningum má þó ekki gleyma þeirri hlið trúarbragða sem felur í sér afar ofbeldisfulla hluta og sýnir að vissu leyti ákveðna tengingu trúarbragða og mannlegs lífs. Þó tenging trúarbragða við hið mannlega sé órjúfanleg þá er það hins vegar aðgreinanlegt og hefur áhrif á hvort annað. Trúarbrögð eru nú til dags nýtt í mörgum tilfellum sem áhrifavaldur til ofbeldis sem ekki er hægt að leiða hjá sér þegar áhrif þeirra eru skoðuð í stærra samhengi. Því hefur hugtakið „trúarleg hryðjuverk“ verið notað yfir hryðjuverk sem eiga sér stað á stjórnmálafræðilegum vettvangi en sækja innblástur í trúarbrögð.³⁶

Trúarleg hryðjuverk eru framin af þeim sem hafa hvatir og markmið frá trúarlegum áhrifum sem eiga oft rætur sínur að rekja til misskilnings á guðfræðilegum eiginleikum eða brengluðum útgáfum af trúarlegum staðreyndum líkt og krossfarirnar á 12.öld, rannsóknarréttinum alræmda á miðöldum og hugmyndum um „réttlát stríð“. Trúarleg hryðjuverk samanstanda af atburðum sem skelfa og valda hryllingi. Óttinn skapast frá þeim sem verða vitni að atburðinum eða af honum heyra, ekki frá þeim sem atburðinn fremja. Þeir sem fremja hryðjuverkið gera það af trúarlegum hvötum

³⁵ Odhiambo 2014:191

³⁶ Odhiambo 2014:188

og finna réttlætingu á því í trúnni eða þeirra túlkun á trúnni og/eða þeim samtökum sem þeir tilheyra.³⁷

Trúarlegum hryðjuverkum má skipta í tvo hópa; hópa sem vinna að stjórnmaatengdum markmiðum og þá sem eiga sér æðri markmið en raunsætt er að hægt sé að ná. Fyrri flokkunin nær til hópa sem nýta sér sannfæringarmátt trúarinnar til að ýta undir og réttlæta aðgerðir til að ná fram pólitískum markmiðum sínum.

Síðari flokkunin inniheldur hryðjuverk sem elur jafnan af sér meiri ótta en sá fyrri. Fórnarlömb þess hóps eru almennari og geta samfélög fundið fyrir hræðslu og talið sig vera hugsanleg fórnarlömb þar sem hryðjuverkin geta beinst að gjörðum samfélags í heild sinni en ekki aðeins að gjörðum einstakra stjórn málafla eða áhrifamanna ólíkt fyrri hópnum. Gerendur taka ekki ábyrgð á gjörðum sínum heldur benda á æðri mátt sem leiddi þá til þessara verka og var því ekki hægt að koma í veg fyrir þær. Þessi breyting, frá ákveðnum skotmörkum hryðjuverka að áhrifavöldum og að almenningi er það sem veldur þessum aukna ótta í garð hryðjuverka. Þú getur upplifað þig sem hugsanlegt fórnarlamb jafnvel þó þú aðhyllist ekki stefnu samfélagsins, allir eru undir sama hatti í augum gerenda, eða þessa æðra afls.³⁸

6. Íslamskir hryðjuverkahópar

Tilgangur hryðjuverka er byggður á hugmyndafræði sem hefur áhrif á hvert skotmarkið er og hvernig hryðjuverkamenn og hópar ákvarða árásir sínar. Meðlimir og fylgjendur hryðjuverkahópa verða að trúa því að aðgerðir þeirra og árásir séu réttlætanager og geta þannig varpað ábyrgð afleiðinga þeirra á fórnarlömb eða aðra sem málið varðar. Hugmyndafræðin skapar ramma þar sem meðlimir réttlæta aðgerðir hópsins út frá því sem aðrir hafa gert til þess að kalla fram ýmis hermdarverk. Hugmyndafræðin er vissulega ekki það eina sem hefur áhrif á hvort eða hvar árás á sér stað, heldur hefur það frekar áhrif á réttlætanager þeirrar árásar og snýr það bæði að hryðjuverkamönnum sjálfum sem og öðrum meðlimum hópsins og útskýringu þeirra á árásinni á alþjóðavettvangi.³⁹

Til þess að geta skilið hryðjuverkahópna Al Qaeda og ISIS og átt möguleika á að sporna við hermdarverkum þeirra er mikilvægt að skoða hugmyndafræði og trú

³⁷ Odhiambo 2014:190

³⁸ Odhiambo 2014:192

³⁹ Drake 1998:53

öfगाfullra Íslamista. Mikilvægi þessa er gífurlegt, þá sérstaklega eftir 11. september 2001 þar sem hryðjuverkastarfsemi færðist frá þjóðernishyggju og yfir í trúarbragðahyggju.⁴⁰

6.1 Íslam

Íslam er byggt á Múhameð spámanni sem var fæddur í Mekka árið 570 e.kr. Hann var foreldralaus og alinn upp hjá frænda sínum sem tilheyrði valdamikilli ætt en ekki er mikið frásögu færandi af æsku hans. Þegar Múhameð náði fertugsaldri á hann að hafa byrjað að fá skilaboð og sýnir sem komu frá guði og hóf hann að dreifa þessum skilaboðum til samfélags síns eftir nokkurn tíma. Hann sankaði að sér fylgjendum hægt og rólega en nokkrum árum seinna voru fylgjendurnir orðnir háværir og hvöttu hann til að koma á umbreytingum á trúarhefðum. Fjölguðatrú var stimpluð sem synd þar sem aðeins var til einn guð og Múhameð hefði fengið skilaboð til sönnunar þess. Múhameð og hans fylgjendur fluttu í framhaldi til Medina þar sem hópurinn fór frá því að vera kúgaður minnihlutahópur yfir í að vera sjálfstjórnandi samfélag sem gat lifað eftir sinni trú og pólitísku stefnum. Þessi tími var afar mikilvægur fyrir Múhameð til að dreifa skilaboðum sínum og stækka samfélag sitt til að ná meiri áhrifum á svæðinu. Hann lést árið 632 en eftirlét ekki arftaka til að vinna áfram að stefnu sinni.⁴¹

6.2 Kalífadæmi

Skilaboð guðs til múslima samkvæmt íslam gefur til kynna að Múhameð sé síðasti spámaðurinn og því var ekki ljóst hver væri þess verðugur að leiða samfélag múslima eftir fráfall hans. Almennigur gerði með sér samkomulag um að kalífi skyldi stjórna samfélaginu sem valdhafi, en ekki sem heilagur maður eða spámaður. Kalífi skyldi leiða samfélagið, Kalífadæmið, samkvæmt hefðum og gildum Múhameðs sem og þeir gerðu.⁴²

Kalífar stjórnðu samfélagi múslima í fyrstu, á 7. öld, við góðar undirtektir þegna sinna. Þeir héldu áfram þeim störfum sem Múhameð hafði látið eftir sig og byrjuðu að safna saman þeim texta sem síðar varð Kóraninn, helgirit íslam. Þar að

⁴⁰ Eikmeier 2007:85-86

⁴¹ Stern o.fl. 2015:257-258

⁴² Stern o.fl. 2015:258

auki sönkuðu þeir að sér valdi og tóku til sín töluvert landsvæði. Þó varð mikil breyting á eftir að þriðji kalífinn í röðinni var myrtur og leiddi það af sér sundrun múslímska samfélagsins. Múslimar skiptu sér í kjölfarið í tvo meginhópa: súnníta, sem trúðu því að leiðtogi sinn gæti verið hver sá sem tilheyrði ættbálki kenndur við Quraysh, sem var ætt Múhameðs og skyldi valinn af valdhöfum samfélagsins. Hinn hópurinn, sjítar, töldu leiðtogann þurfa að vera beinann afkomanda Múhameðs spámanns.⁴³

Fyrstu aldir Kalífadæmis báru með sér mikinn vöxt í menningu og samfélagi múslima og varð Kalífadæmið að einu siðmenntaðasta samfélagi þess tíma. Tímabilið gat af sér mikið magn vitsmunalegra verka og menningarleg áhrif sáust á akademískum og listrænum sviðum samfélagsins á einstakan íslamskan máta. Vöxtur samfélagsins náði einnig til landfræðilegra marka en á sama tíma voru miklir landvinningar Kalífadæmis, sem náði þegar mest var, frá Spáni yfir til Indlands. Þetta gífurlega landsvæði varð þó ein af ástæðum þess að Kalífadæmið leið undir lok þar sem svæðið var of stórt til að lúta valdi eins leiðtoga. Spenna innan samfélagsins gróf undan stöðugleika ríkisstjórnarinnar auk þess sem sjíta múslimar létu einnig í sér heyra og vanvirtu vald kalífans.⁴⁴

Kalífadæmið veiktist töluvert, þá á 10. öld, og reynt var í kjölfarið að endurvekja vald kalífans með vísunum í líkamlegt og andlegt vald hans og tengingu hans við ætt Múhameðs, en allt kom fyrir ekki og stjórnvaldið hélt áfram að veikjast. Eftir morð á þáverandi kalífa 1258, var embættið að mörgu leyti lagt niður og stjórnun færðist neðar. Þetta breyttist aftur þegar Ottómanveldið, auk annarra stórvelda múslima, endurvakti embættið á 16. öld og hélt það vægi sínu í 400 ár. Þegar Ottómanveldið féll snemma á 20. öldinni missti Kalífadæmið landsvæði sitt til Breta og Frakka, og Tyrkland tók við stjórn svæðisins og afnam Kalífadæmið sem ríki. Þrátt fyrir að samfélag múslima hafi verið stjórnað af kalífa í gegnum mestan hluta sögu sinnar, þá gekk embættið í gegnum svo miklar breytingar að nútímaáfall á endurvakningu Kalífadæmis vekur spurningar um hvað það feli nákvæmlega í sér. Þrátt fyrir skort á nákvæmri útlistun nútíma Kalífadæmis heldur það miklu táknrænu gildi fyrir sameiningu múslima og stendur fyrir þá hagsæld sem múslimar í dag vonast til þess að endurheimta einn daginn.⁴⁵

⁴³ Stern o.fl. 2015:258

⁴⁴ Stern o.fl. 2015:260-261

⁴⁵ Stern o.fl. 2015:260-261

6.3 Jihad

Orðið jihad hefur verið túlkað sem orð yfir heilagt stríð en raunveruleg þýðing orðsins jihad er „að þrauka“, „erfiðleikar“ eða „að starfa fyrir guð á göfugan máta“. Hugtakið hefur þó öðlast aðra merkingu í samtíma. Þá ber sérstaklega að nefna miðla hið vestra sem hafa beitt þessu orði sem samheiti yfir hryðjuverkastarfsemi og ofbeldi í nafni Allah frá austri, einkum eftir árásina á Tvíburaturnana 11. september árið 2001 í Bandaríkjunum.⁴⁶

Orðið hefur verið notað til þess að lýsa mismunandi hegðun allt frá trúarlegum erfiðleikum að vopnuðum átökum. Hryðjuverkahóparnir sem um er að ræða nota jihad í merkingu líkamlegra átaka og hernaðar í nafni guðs.⁴⁷

Ágreiningur hefur verið á milli múslima í gegnum söguna um merkingu hugtaksins jihad. Í Kóraninum er jihad notað í þeim skilningi að berjast í nafni guðs og helst tengt við hernaðarstarfsemi gegn óvinum á upphafstíma samfélags múslima. Í sharia-lögum um íslam merkir jihad vopnaðar árásir og í upphafi sögu múslima skildu flestir spekingar íslam hugtakið í hernaðarlegum tilgangi. Jihad var ekki skylda einstaklinga innan múslimska samfélagsins heldur múslimska samfélagsins í heild. Aðeins þegar samfélagið var í ófyrirséðri hættu var ástæða til að það tæki þátt í jihad.⁴⁸

Jihadismi hefur þróast frá árásunum á Tvíburaturnana 11. september 2001 þar sem hópar og aðferðir þeirra hafa breyst gífurlega á þessum árum. Þetta hefur áhrif á alla hluta hryðjuverka og breytast áherslur í aðgerðum gegn hryðjuverkum meðfram breytingum á hryðjuverkastarfsemi. Það endurspeglast í þeirri svörun og valdbeitingu alþjóðasamfélagsins sem hefur skilað mismunandi árangri. Miklum fjármunum hefur verið varið í að berjast gegn hugmyndafræði þeirra sem aðhyllast jihad, sérstaklega í Bandaríkjunum og hefur skilað einhverjum árangri þar sem innan við 100 manns hafa látið lífið í hryðjuverkaárás í Bandaríkjunum á árunum 2001-2016, eftir árásina á Tvíburaturnana. Þrátt fyrir þessar aðgerðir er ógnin sterk og enn til staðar.⁴⁹

⁴⁶ Knapp 2003:82

⁴⁷ Stern o.fl. 2015:271

⁴⁸ Knapp 2003:83-84

⁴⁹ Wright 2016:5

6.4 Al Qaeda

Öfgafullir Íslamistar hafa gengið undir ýmsum nöfnum en ber þá helst að nefna nöfnin jihadistar eða qutbismar. Hugmyndafræði þeirra er samsuða úr íslamskri hugmyndafræði sem heimilar jihad og fleiri ódæðisverk ef þau eru notuð í trúarlegum tilgangi. Í hugmyndafræði qutbisma er ofbeldi gegn þeim sem eru ekki múslimar réttlæt看legt og gert í guðs nafni. Al Qaeda var stofnað af Osama Bin Laden í kringum þessa hugmyndafræði og hafði gífurleg áhrif á alþjóða vettvangi og hlaut mikla athygli fyrir hryðjuverk og ofbeldisverk í nafni Allah.⁵⁰

Osama Bin Laden uppgötvaði hugmyndafræði qutbisma í gegnum Abdullah Azzam sem var helst þekktur fyrir að þjálfa hermenn í Afghanistan í stríðinu gegn Sovíetmönnum á níunda áratugnum með afar góðum árangri. Bin Laden lærði af aðferðum Azzam, hvernig best væri að fara að nýliðun og þjálfun þeirra til að öðlast trú á hugmyndafræði jihad öfgaflokks og veita honum hollustu. Í framhaldi þess hitti Osama Bin Laden mann sem aðhylltist qutbisma, Ayman al Zawahiri, og stofnuðu þeir hryðjuverkahópin Al Qaeda sem flestum er nú kunnugt um og náðu þeir ítökum víðsvegar um heiminn. Bin Laden notaði aðferðir sem hann lærði af Azzam til að mynda byltingarsinnaðan hóp og færði hryðjuverkin í fyrsta skipti frá hermiðaðari skipulagningu í vel skipulagða dreifða starfsemi sem leiddi af sér útbreiðslu Qutbisma á heimsvísu.⁵¹

Helsta ástæða þess að flestir þekkja hryðjuverkahópin Al Qaeda er vegna 11. september 2001 þegar hópurinn gerði árás á Tvíburaturnana í New York í Bandaríkjunum, enda var litið á þann atburð sem stóra árás á vestræn gildi og var stærsta hryðjuverkaárás á Vesturlöndum á okkar tímum. Hér er mikilvægt að nefna að Bandaríkin voru, á þessum tíma, leiðandi herafl í heiminum og höfðu gífurleg áhrif í alþjóðlegri öryggisstefnu. Eftir þessa árás vaknaði sú spurning hvernig svo lítill hópur svo langt í burtu frá Bandaríkjunum gæti valdið slíkri hræðslu og ójafnvægi í svo sterku landi og hvers þeir væru þá megnugir? Árásin leiddi til þess að stjórn Afghanistan var steypt af stóli og leiddi George W. Bush forseti Bandaríkjanna innrás í landið seinna sama ár.⁵²

⁵⁰ Eikmeier 2007:85-86

⁵¹ Eikmeier 2007:90-92

⁵² Rogers 2015:222-223

6.5 ISIS

ISIS virtist hafa komið sem þruma úr heiðskýru lofti árið 2013 þegar vestrænn almenningur heyrði fyrst af ódæðum hópans og héldu flestir að þetta væri aðeins nýtt nafn á Al Qaeda. Þessi hópur var þó stofnaður árið 2006 og átti eftir að bera með sér enn meiri hrylling en fyrirrennari hans. Það sem við þekkjum nú sem ISIS var stofnað af yngri og enn öfgafyllri hóp jihadista en höfðu verið í Al Qaeda. Takmark þeirra var að stofna fullvalda ríki, Kalífadæmi, í Írak og Sýrlandi með það að markmiði að ná stjórn á svæðum innan þeirra landa og í kjölfar þess í heiminum.⁵³

Vísbendingar um öfgafullar skoðanir hópans hefðu átt að vera fremur augljósar nokkrum árum áður en það virðist sem hann hafi farið framhjá flestum. Í upphafi tókst samtökunum illa að ná fram markmiðum sínum og störfuðu í skugga Al Qaeda í Írak. Í þeim hernaðaráttökum sem staðið hafa í Sýrlandi og Írak að undanfögnu náðu þeir þó ákveðnum árangri með stofnhugmyndir sínar um að endurvekja Kalífadæmi í þessum löndum.⁵⁴

7. ISIS

Fátt lýsir jafn vel árekstri og samsuðu nútíma og hefðar eins og þróun og upprisa ISIS samtakanna. Á árunum 2013-2014 kom hópurinn fram með miklum látum og vakti heimsathygli með ódæðisverkum sínum og yfirlýsingum um stofnun nýs íslamsks ríkis með tilheyrandi landtöku og sköpun landamæra þess ríkis. Þó svo að samtökin hafi virst birtast eins og þruma úr heiðskýru lofti er nokkuð augljóst að pláss hafði verið fyrir þau í samfélagi arabaríkja á þessum tíma. ISIS óx á sínum tíma í samræmi við aðstæður og landfræðilega staðsetningu þar sem mikil átök voru vegna stríðsins í Írak sem stóð milli árána 2003 og 2011. Þar að auki hafa uppreisnir í Arabaríkjum og borgarastyrjöld í Sýrlandi haft áhrif á landfræðilegt umhverfi ISIS frá árinu 2010. Aðrir áhrifavaldar að upprisu ISIS er útbreiðsla trúar íslam á heimsvísu og sú spenna sem myndast hefur milli trúarbragða og nútímavæðingar ásamt aukinni íslamskri hervæðingu.⁵⁵

⁵³ Bunzel 2015:2-36

⁵⁴ Bunzel 2015:2-36

⁵⁵ Oosterveld o.fl. 2017:5

7.1 Uppruni

ISIS samtökin eiga uppruna sinn að rekja í nokkur viðkvæm ríki og í því liggur hversu vel þeim hefur gengið að koma sér á fót sem öflug eining og halda vægi sínu. Bæði í Írak og Sýrlandi voru mikil átök milli hópa sem ruddi veginn fyrir ISIS og sköpuðu þeim mikið svigrúm. Í Írak voru átök á milli súnníta og sjíta múslima og í Sýrlandi á milli uppreisnarmanna og stjórnar Assads forseta. Þessi átök hafa skapað þá glufu í samfélagi sem samtök líkt og ISIS geta nýtt sér til þess að sankna að sér stuðningi og gefur samtökunum tækifæri til að vaxa enn frekar á meðan átök og klotningur í samfélaginu eru enn til staðar.⁵⁶

Mikilvægt er að skoða uppgang ISIS í tengingu við sögulegt samhengi þess svæðis sem þau hafa náð fótfestu í. Hugmyndafræði samtakanna er byggð á gömlum kenningafræðum sem eiga rætur að rekja til þess tíma þar sem íslamstrúin sjálf var að myndast og afleiðingar þessara gömlu fræða í samtíma endurspeglast á síðustu 200 árum og erfiðleikum trúarinnar í að koma til móts við nútímann.⁵⁷

7.2 Sögulegt samhengi

Eftir lok seinni heimstyrjaldar ollu samskipti milli vestrænna ríkja og leiðtoga Arabaríkja miklum vonbrigðum á meðal þeirra síðarnefndu. Loforð um aukna sjálfstjórn ríkjanna á Arabíuskaganum voru mörg svikin og á margan hátt hefur álit Arabaríkja á þeim vestrænu ríkjum aldrei beðið þess bætur. Fjöldi múslima hafa haldið því fram að Vesturlöndum og Vesturlandabúum sé alls ekki treystandi og þau töldu lausnina vera að færa sig frá þeim vestrænu gildum og færa samfélög þeirra nær endurnýjun íslamskra viðmiða. Í kjölfarið fylgdi barátta stjórnar og leiðtoga Mið-Austurlanda sem fylgdu þá annað hvort stefnu þjóðernishyggju íslamskra hreyfinga eða lögðu áherslu á nútímavæðingu í átt að vestrænum gildum.⁵⁸

Í kjölfar árásanna 11. september ákváðu bandarísk stjórnvöld að hefja hernaðaraðgerðir gegn Al Qaeda þar sem samtökin voru talin ábyrg fyrir verknaðinum, þrátt fyrir að hafa ekki lýst verknaðinum á hendur sér. Innrás var gerð í Afghanistan og Írak árið 2003 og fylgdi mikill ólगतími í þeim löndum sem gaf

⁵⁶ Shamieh o.fl. 2015:374-375

⁵⁷ Oosterveld o.fl 2017:5

⁵⁸ Oosterveld o.fl. 2017:5

hugmyndafræði Al Qaeda og íslamista frekari stuðning almennings og jók styrk þess í Írak og víðar.⁵⁹

Þær uppreisnir sem sem hófust í Arabaríkjum eftir 2010 veittu ISIS tækifæri til að breiða út boðskap sinn til Sýrlands þar sem fyrir var rígur milli súnníta og sjíta múslima. Í Sýrlandi var súnní meirihluti í landi sem var stjórnað af shia minnihlutastjórn með þeim erjum sem því fylgdi. Þar að auki var mikill stuðningur við uppreisnarmenn í Sýrlandi sem féll í kjölfarið til ISIS samtakanna sem börðust gegn ríkjandi valdhöfum þar og áttu því sameiginlegan óvin með uppreisnarmönnum. Leiðtogi ISIS, Abu Bakr al-Baghdadi, nýtti sér þessi tækifæri til að styrkja stjórn yfirráðasvæða sinna í Írak og Sýrlandi og árið 2014 lýsti hann yfir íslömsku ríki sem nútíma Kalífadæmi. Aðeins nokkrum mánuðum síðar lýsti Öryggisráð Sameinuðu Þjóðanna því yfir að ISIS væri ógn á heimsvísu gegn alþjóðlegum friði og öryggi, sem var áður óþekkt yfirlýsing á þeim vettvangi.⁶⁰

ISIS var stofnað í óreiðu í þjóðfélögum og á meðan sú óreiða varði höfðu samtökin mörg tækifæri til að halda velli og þróast. Meginmarkmið samtakanna er stækkun yfirráðasvæða sinna með því lokamarkmiði að öll múslimaríki tilheyri Kalífadæminu og stríði þess við hinn vestræna heim muni ljúka með sigri ISIS. Stefna þeirra í hinum vestræna heimi er að einangra evrópsk samfélög og skapa þannig möguleika þeirra til að berjast gegn þeim innan frá með því að koma hugmyndafræði sinni þar fyrir og skapa henni hljómgrunn. Þá vilja ISIS veikja Rússland og Evrópu með því að neyða þau til að auka varnir sínar auk þess sem samtökin leitast eftir aukinni þjóðernishyggju hið vestra sem skapa mun átök og deilur milli ríkja og leiddi í kjölfarið til enn sterkari liðsöfnun til þeirra.⁶¹

7.3 Endurvakið Kalífadæmi ISIS

ISIS hefur tekið til sín landsvæði í Írak, Sýrlandi og Líbíu og skapað ríki sem nemur landsvæði Bretlands og fólksfjölda Danmerkur. Nálgun ISIS á endurvakningu hins táknræna Kalífadæmis er umdeild en ber í raun þess vitni að samtökin eru sjálfstætt starfandi samfélag sem tók til sín landsvæði, veitir þjónustu, hefur hervald með sinn eigin fána og kynntu sig frá 2014 sem hið endurvakta Kalífadæmi. Með þessari

⁵⁹ Oosterveld o.fl. 2017:5

⁶⁰ Oosterveld o.fl. 2017:6

⁶¹ Oosterveld o.fl. 2017:10

endurvakningu sóttu samtökin og kröfðust hollustu múslima þvert á landamæri. ISIS heldur því fram að aðrar þjóðir hafi ekki heimild til að beita yfirvaldi sínu á svæðinu sem fór ekki vel í aðrar þjóðir múslima þar í kring. Samtökin heita því að verja land sitt og samfélag og hafa lagt mikið í að koma leiðtoga sínum á framfæri sem hinn nýja kalífa og kalla á stuðning súnnaíta með vísun í að Abu Bakr al Baghdadi sé afkomandi Quraysh, ættar Múhameðs.⁶²

Mikilvægi þess að ISIS tefli fram endurreisn Kalífadæmis er gífurlegt af ýmsum ástæðum. Það gegnir mikilvægu táknrænu hlutverki í trú múslima og vísar í glæsilega fortíð þeirra. Það kallar á samstöðu múslima og mótmælir vestrænum gildum og sjórnarháttum. Þar að auki er þetta tilraun til að færa sig aftur til hugsjóna þess stjórnafars sem gaf menningu múslima gildi og átti svo stóran þátt í sögu blómatíma múslima.⁶³

7.4 Jihadismi

ISIS hefur haft áhrif á frekari þróun jihadisma. Með svæðatöku sinni í Írak og Sírylandi 2014 náðu samtökin miklum fjölda á sitt band sem kölluðu eftir nýju íslömsku samfélagi á og sameiningu í nútíma útgáfu af kalífadæmi sem fjallað er um í íslamstrú og Kóraninum. Samfélagið sem var ákallað samanstóð ekki aðeins af hermönnum heldur einnig konum, börnum, kennurum, gömlu fólki og öllum þeim sem höfðu trú á hinu nýja íslamska ríki. Afleiðingarnar fólu í sér nýja bylgju jihadista sem fór fram úr því sem var á gullaldarárum Al Qaeda.⁶⁴

Al Qaeda og ISIS eru stofnuð í kringum hugmyndafræði jihad og leggja bæði samtök áherslu á Kalífadæmi. Meginmunur hópanna er að ISIS er enn öfgafyllri en fyrirrennari hans og virðast meðlimir hópsins fullkomlega miskunnarlausir í voðaverkum sínum og bókstafstrú þeirra á hugmyndafræði jihad virðist alger.⁶⁵

Yfirlýsing á stofnun nútíma Kalífadæmis og nýs íslamsk ríkis hefur mikið tákrænt gildi fyrir múslima og þeirra menningu og trú því með henni er verið að endurvekja umdeilda hugmynd innan samfélags múslima. ISIS er stofnað á trúarlegum grunni íslamstrúar og byggir á sharía-lögum. Samtökin miðla þröngri sýn á íslam og sharía-lögum sem nær langt aftur í ættir og sögu íslam. Það er í raun engin ein, hrein og bein, hugmyndafræði ISIS en meginreglur samtakanna voru ritaðar í

⁶² Stern o.fl. 2015:278-279

⁶³ Stern o.fl. 2015:278-279

⁶⁴ Wright 2016:5

⁶⁵ Bunzel 2015:36-37

handbók þeirra, *The Management of Savages*. Hún var gefin út árið 2003 þar sem ofbeldisgjörðir í fórnartilgangi, hvort sem er meðal einstaklinga eða hópa, skyldu nýtast í það að grafa undan trausti ríkisstjórna Vesturlanda og Austur-Evrópuríkja til þess að veita múslimum öryggi og að nota til varnar almenningi múslima.⁶⁶

Hugmyndafræði ISIS er byggð á trúargildum íslam og á í samkeppni við önnur samtök á sama svæði og ber þá helst að nefna Al Qaeda og Bræðralag Múslima. ISIS vinnur gegn þessum samtökum og er stefna þeirra sú að ekki sé unnið með öðrum hópum, þrátt fyrir að vera byggð á grunni sömu trúar. ISIS fylgir engri stefnu annari en þeirri sem samtökin sjálf setja fyrir og málamiðlanir eru engar.⁶⁷

Þrátt fyrir sína grimmu og miskunnarlausu starfsemi þá eru samtökin byggð á skipulögðum grunni sem vinnur að því markmiði að stofna íslamskt ríki á stóru landfræðilegu svæði með Sýrland og Írak sem ákveðin upphafspunkt. Þessar áætlanir um aukna dreifingu samtakanna þvert á landamæri sýna að ISIS sé byggt á tryggð við trúarbrögðin en ekki þjóðernishyggju.⁶⁸

7.5 Stjórnarfar ISIS

ISIS hefur tekist betur en nokkrum öðrum samtökum á svæðinu að spila með félagslegt og stjórnsmálalegt umhverfi sitt og nýta það sér til hags. Samtökin sýndu þá forsjálni að taka að sér og nýta fyrrum hervald Íraks og spilaði með þá spennu sem fyrir var í Sýrlandi á milli hópa innan landsins til þess að vinna gegn stjórninni. Þeir nýttu einnig bjargar sínar í öðrum löndum og sýndu fram á getu sína með því að fá til sín þúsundir nýliða frá hinum ýmsu ríkjum til að efla hervald sitt.⁶⁹

ISIS starfar eftir stjórnkerfi sem mætti jafnvel flokka sem eitt háþróaðasta stjórnkerfi á svæðinu. Stjórnkerfið er byggt upp á þremur valdsviðum ríkisins, þ.e. dómsvaldi, löggjafarvaldi og framkvæmdarvaldi. Dómsvaldið felur í sér íslamska dómstólinn og almennt dómsvald. Löggjafarvaldið samanstendur af ráðgjafanefnd, Shura, sem valin er af kalífa og hefur umsjón með ríkistengdum málefnum. Framkvæmdarvaldið sér um varnarmál, hervald og almannatengsl þar sem ráðgjafarnefnd hersins skartar stóru hlutverki og sér um skipulag og eftirlit með hernaðaraðgerðum. Önnur nefnd sér um varnarmál og ber ábyrgð á öryggi kalífans og

⁶⁶ Oosterveld o.fl. 2017:9

⁶⁷ Oosterveld o.fl. 2017:10

⁶⁸ Shamieh o.fl. 2015:374-375

⁶⁹ Jefferis 2016:243

samfélagsins. Hlutverk almannatengsla er fyrst og fremst að dreifa skilaboðum kalífans.⁷⁰

Stjórnkerfi ISIS má lýsa sem dreifstjórnaðri einingu. Stjórnarharið minnir á þá miðlægu stjórn sem finnst í hverju öðru ríki þar sem ráðuneyti sjá um málefni menntunar og almenningsþjónustu við borgara ásamt heilbrigðismálefnum og öryggismálum svo einhvað sé nefnt. Þessi ráðuneyti lúta svo svæðisbundinni stjórn. Samtökin vinna markvisst þegar tekið er yfir nýtt svæði þar sem þeir sækjast eftir stuðningi almennings eftir ýmsum leiðum. Samtökin dreifa sér um svæðið með trúartengda bæklinga og halda málþing og samkomur sem hefur það markmið að venja almenning við túlkun ISIS á íslam. Til þess að tryggja það að skilaboðin komist til skila tefla þeir fram trúarlögreglu sem vinnur að því að stuðla að dyggð samfélagsins með því að koma í veg fyrir óhlýðni borgara og hvetja múslima til að vinna að sinni eigin velferð, í samhengi við þeirra túlkun á íslam. Samtökin eru afar skipulögð þegar kemur að því að halda uppi siðgæði samfélagsins og reka þau fjölda miðstöðva trúarlögreglu sem hver og ein skal senda frá sér greinargerðir vikulega. Fljótlega eftir að landsvæði er tekið yfir er lagst í það verkefni að koma á réttarkerfi að íslamskri fyrirmynd þar sem samtökin leggja mikið í að sýna fram á að sú stofnun sé siðgæðisvörður kominn í stað þeirrar spillingar sem fyrir var. Samtökin hafa ná miklum árangri með þessum aðferðum, þá helst á þeim svæðum sem hafa verið átakasvæði borgarastyrjaldar þar sem þessi stranga tegund löggæslu og réttlætis er séð sem bjargvættur frá því lögleysi og stjórnleysi sem ríkti fyrir.⁷¹

Stjórnkerfi ISIS og skipulag svæða samtakanna er viðkvæmt fyrir ýmsum áskorunum. Með því að skapa ríki og samfélag þegna sem greiða skatta ertu í leiðinni að skapa samfélag sem kallar eftir vissri þjónustu frá stjórnendum sínum. Þessi þjónusta er einnig háð væntingum þegnanna og nægir ekki að stjórna samfélagi aðeins í gegnum trúarstofnanir og dómsvald. Á sama tíma hafa samtökin stillt skotmörk sín á hina uppsprettu fjármagns síns með því að ná yfirráðum yfir olúsvæðum. Með því að ná yfirráðum þeirra svæða styrkist aðgangur þeirra að fjármagni en á sama hátt má benda á að með því að einoka yfirråd yfir olúfundum er líklegt að félagsleg áhrif þeirra tengist meðhöndlun samtakanna á samfélögunum. Of lítil hlutdeild samfélaga í

⁷⁰ Shamieh o.fl. 2015:369-370

⁷¹ Jefferis 2016:243

yfirráðum og afrakstri olíulindanna er líkleg til að reka þjóðfélagshópa sem umbáru samtökin áður til að fara að taka þátt í baráttunni gegn þeim í framtíð.⁷²

Stjórnarfar ISIS á yfirráðarsvæðum sínum og framfylgd strangrar túlkunar sharía-laga er að öllu leyti háð kerfi trúar- og herlögreglu og valdi. Möguleikar spillingar í þessu stóra kerfi er gífurlegt og meðfram því að ISIS missir landsvæði, hafa samtökin ekki þá burði lengur til að halda uppi launum á þeim skala sem heldur þeim frá spillingu og innri veikleikum. Afleiðingar þessa geta orðið þær að samtökin missi þau einkenni sín sem dregur til sín stuðning íbúa svæðisins. ISIS eru hryðjuverkasamtök en skipulögð eins og ríki og það er það sem gæti skapað þeim vandræði. Aðferðir samtakanna skilja þau frá öðrum ríkjum og öðrum bandalögum en skrifræði og uppbygging kerfisins takmarkar getu þess til að þróast og breytast næginlega hratt til að sporna við alþjóðlegum þrýstingi.⁷³

7.6 Aðferðir, efnahagur, landsvæði, vopn

ISIS notar aðferðir hinna nýju hryðjuverka og fá til sín nýliða frá öllum heimshornum með því að nota alls kyns miðla sem ekki voru tiltækir áður og þá ber helst að nefna internetið. Vegna þess hafa þeir getað gert fjölda árása á alþjóðavettvangi síðan hópurinn skaut upp kollinum árið 2013 og hefur gott aðgengi að vopnum, stuðningsmönnum og aðferðum til að valda sem mestum usla.⁷⁴

ISIS, líkt og Al Qaeda, beitir aðferðum nýju hryðjuverka til að valda ótta og hryllingi. Samtökin hafa fjölþjóðlegan strúktúr og starfa í trúarlegum frekar en þjóðernislegum tilgangi líkan þeim sem þekktist hjá eldri hryðjuverkasamtökum. Þar að auki hafa báðir þessir hópar miklu betra aðgengi að vopnum og eiga auðveldara með að skipuleggja viðameiri og hryllilegri hermdarverk en hægt var á tíma gömlu hryðjuverkanna. Internetið og aðrir miðlar hafa skipt sköpum í þróun þessara hópa en þeir nýta sér báðir internetið og aðra miðla til að sankna að sér nýjum meðlimum og dreifa boðskap sínum þvert á öll landamæri. Þar að auki fremja þeir ekki mikið af hryðjuverkum á sínu svæði heldur einblína þeir á óvininn í vestri og halda sig við að valda usla og ná athygli alls staðar í heiminum.⁷⁵

⁷² Jefferis 2016:243-244

⁷³ Jefferis 2016:244

⁷⁴ Bunzel 2015:2-36

⁷⁵ Naumann 2009:14-29

ISIS hafa gert margar banvænar hryðjuverkaárásir á síðustu 11 árum. Í upphafi voru samtökin ekki stór en hafa farið í gegnum mikið ferli þróunar og stjórnarbreytinga ásamt því að hafa öðlast hylli annarra samtaka og hryðjuverkahópa jihadista yfir þetta tímabil. Árásir ISIS einangrast ekki við þær sem meðlimir samtakanna valda sjálfir, heldur eru fjöldi hefndarverka annarra hópa og einstaklinga tengd samtökunum, bæði formlega og óformlega. Vegna þessa getur reynst snúið að komast að nákvæmum og kerfisbundnum niðurstöðum þegar mynstur árása ISIS er skoðað.⁷⁶

Samkvæmt rannsókn var fjöldi hryðjuverka með beina eða óbeina tengingu við ISIS nærri 5000 talsins á árunum 2002-2015. Í þessum árásum létust yfir 33.000 manns og yfir 40.000 slösuðust, þar að auki voru um 11.000 manns tekin gíslingu eða rænt. Í heildina spanna þessar árásir 13% af heildarfjölda hryðjuverkaárása í heiminum yfir þennan tíma, en þá eru árásir þar sem gerandi er óskilgreindur ekki taldar með. Þessi 13% árása standa þó fyrir 26% dauðsfalla, 28% slasaðra og 24% þeirra árása sem fela í sér gíslingu eða mannsrán.⁷⁷

ISIS samtökin hafa sýnt sig sem einn öflugasta hryðjuverkahóp samtímans og stjórnaði þegar mest lét yfir 70 þúsund ferkílómetra svæði með um 8 milljónum íbúa í Sírylandi og Írak. Þessar landtökur greiddu leiðina að sjálfbæru og fjölbreyttu efnahagskerfi ISIS. Þessi svæðastjórnun var þungamiðjan í fjármálaáætlunum ISIS og þessi sjálfbærni og fjölbreyttar auðlindir breyting frá Al Qaeda sem hafði nær ekkert svæði undir sinni stjórn og þurfti að treysta á utanaðkomandi fjármagn. Fjármálaáætlunin byggði á landtökum til þess að halda og stjórna auðlindum innan þeirra og fjármagna með því hernaðarstarfsemi þeirra og stjórnun innan svæða og meðal íbúanna.⁷⁸ Þessi sjálfbærni leiddi það af sér að samtökin eru síður háð utanaðkomandi fjármunum og njóta því sterkari stöðu en ella í þeim tilgangi sínum til að fjármagna baráttu sína og hryðjuverkastarfsemi.⁷⁹

ISIS stækkaði landsvæði sitt töluvert og nýtti bjargir sínar á áhrifaríkan hátt. Samtökin voru vel skipulögð og efnahagur þess góður lengst af, þau nýttu sér miðla og tæknilega þróun vel og naut nýliðun og stuðningur almennings góðs af því hjá þeim. Þau náðu lengst af til grasrótarinnar með því að bjóða upp á aðstöðu til

⁷⁶ Miller 2016:1

⁷⁷ Miller 2016:1

⁷⁸ CAT 2016:5

⁷⁹ CAT 2016:4

menntunar og meðfram því laða að sér unga nýliða frá ýmsum heimshornum sem báru stoltir þá ímynd að vera meðlimir ISIS.⁸⁰

ISIS samtökin og forverar eru einkum þekkt fyrir afar banvænar árásir og ógnandi aðferðir: sjálfsmorðsárásir, gíslatökur og margþátta samræmdar árásir.⁸¹ ISIS notar sprengiefni frekar en skotvopn í árásum sínum en það er ólíkt alþjóðlegu mynstri í nútíma hefndar- og hryðjuverkum. Um 58% af vopnum sem eru notuð í hryðjuverkaárásir í heiminum eru sprengiefni en ISIS notar þau í um 80% árása sinna. ISIS notar skotvopn í 16% tilvika á móti 33% á heimsvísu og oddvopn voru aðeins notuð í um 2% tilvika. Efnavopn og notkun ökutækja sem vopn er aðferð sem ISIS hefur notað lítið sem ekkert, eða í um 1% tilvika, en notkun efnavopna hefur þó aukist að einhverju leyti frá árinu 2016.⁸²

Athygli vekur að árið 2014 varð mikil fjölgun á árásum frá þeim samtökum sem héttu hollustu sinni við ISIS. Hermdarásir þess konar samtaka voru í fjórum löndum árið 2013, en 33 talsins árið 2014 og 33 árið 2015 og sýnir þetta greinilega fram á mikla fjölgun. Að auki er töluerður fjöldi einstaklinga sem fremur hermdarverk sem eru innblásin af ISIS án þess að þeir séu meðlimir samtakanna. Fyrsta þekkt árásin framkvæmd af einstaklingi innblásnum af ISIS var í Bandaríkjunum árið 2014 þegar maður/kona hóf skotárás með þeim afleiðingum að einn almennur borgari lést, en gerandinn sem lýsti því yfir að árásin væri til að mótmæla þátttöku Bandaríkjahers í Írak og Afghanistan. Helmingur árása ISIS samtakanna voru banvæn á meðan um 75% árása þeirra samtaka sem tengja sig ISIS án þess að vera beinir meðlimir. Þá er vert að nefna að þær árásir sem eru framkvæmdar af ISIS innblásnum einstaklingum bera með sér mesta fjölda banvænna árása eða um 85% talsins.⁸³

Stuðningur við ISIS virðist aukast þrátt fyrir baráttu alþjóðaafla gegn þeim og kemur sá stuðningur í miklum mæli frá samtökum í Mið-Austurlöndum en einnig finnst stuðningur í Evrópu og í raun um heiminn allan. Stuðningur þessi vekur óhug þar sem meðlimir samtakanna geta snúið aftur til heimalanda sinna og valdið hermdarverkum, líkt og gerðist í árásum í París og hefur gerst um Bandaríkin og sýnir

⁸⁰ Shamieh o.fl. 2015:374-375

⁸¹ Miller 2016:5

⁸² Miller 2016:6

⁸³ Miller 2016:5

fram á getu samtakanna til að trufla allsherjar reglu vegna þessa öflugra nets svæðisbundinna- og alþjóðlegra stuðningsmanna.⁸⁴

Stefna ISIS hefur frá lokum 2015 snúið að vörnum og stækkun áhrifasvæða í Írak og Sírylandi. Starfsemi samtakanna skiptist í tvo arma, innri starfsemi sem snýr að samstarfsaðilum og ríkjum og ytri starfsemi sem snýr að því að fremja hermdarverk og vilja jaðarvæða óvininn. Aukin ógn við Evrópu, Bandaríkin og Rússland hefur þó þau áhrif að viðhorf hins vestræna heims til ISIS breyttist og má m.a. sjá það í verki þegar Evrópusambandið setti ákvæði í sáttmála sinn um gagnkvæmar varnir í fyrsta skipti í sögunni í kjölfar árása ISIS í París. Öryggisráð Sameinuðu Þjóðanna samþykkti einnig í lok 2015 *allar nauðsynlegar ráðstafanir* til þess að sporna við alþjóðlegri og áður óþekktri ógn sem stafaði af ISIS. Möguleiki var á bandalagi Evrópusambandsins, Bandaríkjanna og Rússlandi sem gæti borið með sér breytingu á baráttunni gegn ISIS.⁸⁵

7.7 Liðssöfnun og nýliðun

Hryðjuverkasamtök eru ekkert án meðlima sinna og er nýliðun hermanna því afar mikilvæg til að viðhalda stefnu og þróun þeirra. Hér má einnig benda á efnahagslega hvatningu þar sem aukin eftirspurn fylgir hærri launum innan hreyfingar jihadista, ef áhugi til að ganga í þess konar samtök er til staðar. ISIS bauð há laun á þessu sviði ásamt því að bjóða aðgang að konum til ungra, einhleypra, áhugasamra manna sem tilheyrðu oft jaðarhópum í sínu samfélagi.⁸⁶

Einnig er hægt að líkja ýmsum aðferðum ISIS við það sem þekkist frekar í sértrúarsöfnuðum. Það felur í sér að laða að sér erlenda hermenn, einangra þá og halda þeim frá sínu félaglega neti og í leiðinni kæfa persónuleika þeirra einstaklinga og skipta út fyrir hugmyndafræði samtakanna.⁸⁷

Þrátt fyrir að áætlaður fjöldi hermanna og þar með stærð samtakanna hafi verið sveiflukenndur þá eru allir sammála um það að kjarni hersins hafi verið a.m.k. 30000 manns með allt að 50 - 70 þúsund fleiri einstaklingum sem dreifðist í staðbundna litla hópa, hálfgerð heimavarnarlið manna sem tóku þátt í baráttunni með sínum vopnabúnaði. Tala erlendra einstaklinga sem voru í hernum var um 27000 í

⁸⁴ Shamieh o.fl. 2015:374-375

⁸⁵ Shamieh o.fl. 2015:374-375

⁸⁶ Oosterveld o.fl. 2017:10

⁸⁷ Oosterveld o.fl. 2017:11

október 2015 og af þeim taldi alþjóðleg miðstöð baráttunnar gegn hryðjaverkum sem staðsett er í Haag að um væri að ræða 6000 Evrópubúa.⁸⁸

7.8 Dreifing hugmyndafræði

Jihadistar hafa sýnt hversu færir þeir eru í að skapa áróður svo áratugum skiptir. Það sem hefur þó breyst er að þessi áróður hefur færst frá því að beinast aðeins að hugsanlegum nýliðum og yfir í það að vera nú fleirum sýnilegur.⁸⁹

Ef við skoðum aðferðir þeirra má segja að þær séu enn við lýði þrátt fyrir meint fall ríkisins sem kalífadæmis, enda eru meðlimir þess enn virkir í alþjóðasamfélaginu. Meðlimir ISIS eru afar færir í tæknimálefnum sem er þeim nytsamlegt þegar horft er til myndbandagerðar sem skilar sér í auknum áhuga og stuðningi ásamt því að vera hluti af nýliðunarferli samtakanna. Hátæknileg myndbönd sýna starfrækslu og árangur aðgerða þeirra auk þess sem þau sýna viðtöl við gísla og almenna borgara sem lofa samtökin og jafnvel þakka þeim fyrir það sem þeir hafa gert. Myndböndin eru gefin út á mörgum tungumálum til þess að ná til sem flestra og eru samtökin einnig mjög virk á samfélagsmiðlum.⁹⁰

Samfélagsmiðlar eru mjög áhrifamikill vettvangur til að ná til einstaklinga og hópa á alþjóðaskala. Sem dæmi má nefna vefsíðuna Youtube, en notendur síðunnar ná yfir milljarð og sífellt er verið að bæta við og horfa á efni þar inn á. Þar að auki er mikilvægt að nefna Twitter og Facebook sem eru án efa tveir af stærstu samfélagsmiðlum nútímans. ISIS hefur notað þessa samfélagsmiðla, sem og fleiri, til þess að draga til sín athygli sem hefur skilað sér í þúsundum áhorfa og athugsemda auk umræðna innan spjallborða. Youtube hefur verið mikið notað til þess að dreifa myndböndum, m.a. í þeim tilgangi að kalla á sameiningu múslima með því að ganga í ISIS. Þessi myndbönd eru til á mörgum tungumálum og draga að sér mikið áhorf t.d. í Alsír, Líbíu og Egyptalandi auk þess að dreifast líka enn frekar um heiminn.⁹¹

Skilaboðin eru skýr, kallað er eftir ungum karlmönnum til að berjast í nafni ISIS með áherslu á að höfða til múslima þvert á landamæri. Myndböndin innihalda mismunandi tegundir áróðurs en mörg þeirra sýna hermenn ISIS sem eins konar hetjur þar sem þeir hjálpa og vernda almenna borgara. Þar að auki eru sýndar

⁸⁸ Oosterveld o.fl. 2017:11

⁸⁹ Stern o.fl. 2015:101

⁹⁰ Shamieh o.fl. 2015:370

⁹¹ Awan 2017:139

heimsóknir til særðra hermanna og klippur af góðverkum ISIS meðlima fyrir börn. Hágæða myndefni og kraftmikið myndmál einkennir myndböndin auk þess að nokkrir breskir hermenn ISIS senda frá sér podcast frá vígstöðvum en þar er hægt að senda inn nafnlausar fyrirspurnir. ISIS notar samfélagsmiðla til þess að vekja áhuga yngri kynslóða á baráttunni sem virkar hvetjandi á nýliðun og viðheldur frekari áróðri. Þar að auki hafa samtökin áður gefið út snjallforrit sem var hægt að sækja í símann eða tölvuna en var síðar tekið út. Forritið gaf notendum kost á að skoða ýmis konar upplýsingar, umræðu, myndbönd og taka þátt í fleiru tengdu samtökunum. ISIS virðist teygja arma sína vítt og breitt um alnetið og auðvelt er að nálgast upplýsingar og komast í samband við meðlimi samtakanna.⁹²

Á meðan fólk ferðast til þess verða hluti af og berjast fyrir öfgahópa líkt og ISIS hafa samtökin í kjölfarið aukið áherslu á að koma sér á framfæri á samfélagsmiðlum og á internetinu með það markmið að hafa áhrif á ungt fólk sem verður mögulega fylgjendur hreyfingarinnar. Þessi áróður hefur vissulega skilað samtökunum fylgjendum og sumir þessir fylgjendur gangast til liðs við og berjast fyrir ISIS. Þessi áróður í gegnum samfélagsmiðla kemur fram í margs konar formum en helst ber að nefna þann aragrúa af myndböndum sem ISIS setur fram til að laða ungt fólk til samtakanna. Leiðtogi ISIS kom fram í mörgum myndbandanna og höfðaði til ungs fólks innan íslam um allan heim og skoraði á það að taka þátt í baráttunni með ISIS og að taka þátt í jihad gegn andstæðingum samtakanna. Þessar aðferðir áróðurs hafa þann eiginleika að auðvelt er fyrir ISIS að ná til stærri hóps en ella og gefur þeim einnig aukna möguleika á samskiptum sín á milli.⁹³

Myndbönd og upplýsingar á samfélagsmiðlum ná sérstaklega til þeirra sem eru viðkvæmari fyrir öfgafullri hugmyndafræði og oftar er það ungt fólk sem fellur í þann hóp. Hjá þessum hópi fólks liggur oft að baki óánægja og aðrir þættir sem stuðla að því að áróður sem þessi virðist gefa þeim einstaklingum von og upplifa þeir sig jafnvel sem þýðingarmikla og mikilvæga. Öfgafullum skoðunum og hugmyndafræði er þarna gefinn byr undir báða vængi og vinna samtökin markvisst að því að fegra aðild að þeim og baráttunni gefin gildi í augum áhorfenda. Aðferðir sem þessar virka ekki einar og sér, heldur þarf viss spennu og áhrifagirni að vera til staðar hjá þeim einstaklingum sem ákveða að ganga til liðs við þess konar samtök. Fyrir þá einstaklinga getur hugmyndin að breyta lífi sínu og að verða hluti af stærri hópi með

⁹² Awan 2017:139

⁹³ Awan 2017:138

ákveðið markmið að leiðaljósi hljómað sem spennandi ævintýri og einstakt tækifæri. Rannsóknir á áhrifum og áróðri frá ISIS á samfélagsmiðlum sýnir að á heildina litið hafa þessar aðferðir haft mikil áhrif og virkað vel sem vettvangur fyrir mögulega nýliðun og dreifingu öfgafullrar hugmyndafræði.⁹⁴

7.9 Þróun eða stöðnun

ISIS samtökin hefðu ekki risið upp í þessum mæli ef ekki hefði verið fyrir innrás Bandaríkjanna í Írak árið 2003. Vandamál varða makrmið hernaðaraðgerða og innrásar leiddi til sundrunar á svæðinu frekar en sameiningar sem aftur ruddi braut fyrir samtök líkt og ISIS og þá öfgafullu hugmyndafræði sem fylgdi. ISIS náði því að staðsetja sig sem hetjur og bjargvætti Íslam á móti afskiptum vestrænna ríkja og öðlaðist þannig hljómgrunn og stuðningsnet sitt. Hugmyndafræðilegur grunnur samtakanna var ekki meginástæða þess að fólk af svæðinu valdi það yfir sig heldur hafa súnní múslimar búið við kúgun, mismunun og ofbeldi í töluverðan tíma, eða í um 150 ár, sem leiddi til trúar um betri tíma undir stjórn ISIS.⁹⁵

Ein ástæða þess hve viðvarandi yferráð ISIS voru á svæðum er sú staðreynd að ekkert land notaði allar þær bjargir og úrræði sem voru þeim möguleg til þess að stífa þeim út úr samfélögum og koma þeim frá völdum. Auk þess virðist landsvæðið sem ISIS tók yfir ekki nægilega mikilvægt í alþjóðaskilningi og fengu því samtökin að dvelja þar tiltölulega óareitt um dágóðan tíma. Hvorki svæðisbundnir né utanaðkomandi valdhafar náðu lengi vel ekki að koma sér saman um hernaðarstefnu til að vinna bug á ISIS en samstilltur alþjóðastyrkur var líklegastur til að brjóta upp kalífadæmi samtakanna og að lokum náðist hann og í kjölfarið árangur í stríðinu gegn þeim sem varð til að þau misstu yferráðin.⁹⁶

Baráttan gegn ISIS færðist í aukana með árunum og að undanfögnu fóru þau að missa landsvæði sitt aftur til ríkisstjórna Íraks og Sýrlands og hefur nú, frá því í nóvember 2017, misst sitt svokallaða Kalífadæmi. Samtökin halda enn landsvæði í nokkrum dreifbýlum þorpum í Sýrlandi og er nú hægt að segja að þau séu ríkisfangslaus. ISIS hefur lent í miklum ósigrum á árinu 2017, og þá ber einna helst að

⁹⁴ Awan 2017:139

⁹⁵ Oosterveld o.fl. 2017:18

⁹⁶ Oosterveld o.fl. 2017:18

nefna borgina Raqqa, sem samtökin héldu fram að væri höfuðstaður endurvakins Kalífadæmis múslima.⁹⁷

Sá hluti samtakanna sem snýr að fjölmiðlum er þó ósnortið og gerir þeim enn kleift að hvetja til árása og er búist við þessum áframhaldandi árásum, þá einna helst í Sírylandi og Írak. Þrátt fyrir það verður það að teljast til einhvers að hið svokallaða Kalífadæmi, sem ríkti yfir 8 milljónum borgara, er ekki lengur til.⁹⁸

Stjórnarher Sírylands tók til baka landsvæði Albu Kamal nú í nóvember sem var síðasta mikilvæga svæðið undir stjórn ISIS í Sírylandi. Þessi sigur kom mánuði eftir að Bandaríkin studdu við aðgerðir Sírylenskra, Kúrda og arabískra hermanna við yfirtöku borgarinnar Raqqa sem stöðvaði 3 ára stjórn ISIS í borginni. Þessi sigur í Raqqa var einn sá mikilvægast í baráttunni gegn hryðjuverkasamtökunum og aðgerðum til að koma þeim frá völdum á svæðinu.⁹⁹

Landsvæðið sem samtökin réðu yfir í Írak minnkuðu stöðugt og fór að halla verulega undan fæti hjá samtökunum allt þar til að forsætisráðherra Írak, Haider al-Abadi, lýsti formlega yfir sigri gegn þeim laugardaginn 9. desember. Ásamt því að nota hervald þá varð áhrifaríkt að stöðva leiðir ISIS til fjármögnunar og með því veikja efnahag þess. Þó þýðir það ekki að samtökin líði undir lok að öllu leyti þar sem hugmyndafræði hverfur ekki með hervaldi og geta hreyfingar sem þessar verið viðvarandi vítt og breitt um heiminn og í einhverskonar neðanjarðarstarfsemi. Þá sérstaklega á meðan hugmyndafræðin hefur svo sterkan stuðningshóp, aðallega í Mið-Austurlöndum.¹⁰⁰

8. Niðurstöður

Hugmyndafræði tengd hryðjuverkahópum hefur ávallt talist öfgafull. Stefna gömlu aðferða hryðjuverkasamtaka var fremur staðbundin og svæðismiðuð og byggðist að miklu leyti á þjóðernishyggju. Hryðjuverkahópar sem notast við aðferðir hinna nýju hryðjuverka starfa frekar á alþjóðavettvangi og vinna að því að fá athygli þvert á landamæri. Nútíminn færði okkur breyttar aðferðir og nýja hryðjuverkahópa þar sem trúarbragðahyggja og kynþáttafordómar tóku við af þjóðernishyggju gömlu tímana. ISIS notast við hinar nýju aðferðir hryðjuverka og fá til sín nýliða frá ýmsum löndum

⁹⁷ Oosterveld o.fl. 2017:18

⁹⁸ *Buisness Insider*. 2017

⁹⁹ *BBC*. 2017

¹⁰⁰ Oosterveld o.fl. 2017:18

með því að nýta sér nútíma miðla. Þeir framkvæma hryðjuverk á alþjóðavettvangi og starfa með fjölþjóðlegan strúktúr í trúarlegum frekar en þjóðernistengdum tilgangi.

Skilgreining á hryðjuverkum getur verið erfið, einkum í tilvikum þar sem hryðjuverkamaður í augum eins getur verið hetja í augum annars og á þetta vel við í trúarlegum hryðjuverkum og þ.a.l. við ISIS. Gerendur taka ekki í raun ábyrgð á gjörðum sínum heldur benda á æðri mátt og tilgang sem leiddi þá til þessara gjörða. Í kjölfar innrásar Bandaríkjanna inn í Írak óx stuðningur við hugmyndafræði nærri íslömskum gildum og frá þeim vestrænu. ISIS náði að staðsetja sig sem hetjur og bjargvætti Íslam á móti hinum vestrænu ríkum og öðlaðist þannig fjölda stuðnings- og liðsmanna. ISIS er stofnað í kringum hugmyndafræði íslam, bókstafstrú á jihad um heilagt stríð og byggir á ströngum sharía lögum og hafði yfirlýsing þeirra á stofnun nútíma Kalífadæmis gífurlegt, táknrænt og trúarlegt gildi fyrir múslima.

Skilgreining hryðjuverka er dreifing og beiting ógnar og ofbeldis gegn óvinum og standa hryðjuverkasamtök utan hefðbundins forms pólitískrar baráttu. ISIS hafa kallað á athygli frá árinu 2013 með hermdarverkum sínum og yfirlýsingu árið 2014 um stofnun nýs íslamsk ríkis, Kalífadæmis, með tilheyrandi landatöku og sköpun landamæra þvert á aðferðir hefðbundinnar pólitískrar baráttu. Markmið hryðjuverka er að nýta sér ótta og ofbeldi til þess að ná athygli sem flestra og koma skoðunum og tilætlunum á framfæri. ISIS notar ótta og ofbeldi til koma á sínum markmiðum, þar sem meginmarkmið samtakanna er stækkun yfirráðasvæðis með því lokamarkmiði að öll múslimaríki tilheyri Kalífadæminu og stríði þess við hinn vestræna heim muni ljúka með sigri ISIS.

Stefna hryðjuverka er tengd hugmyndafræði og byltingum sem eru mismunandi og síbreytileg á hverjum tíma. Eftir lok seinni heimstyrjaldar byrjaði að votta fyrir erfiðleikum í samskiptum milli leiðtoga Arabaríkja og vestrænna ríkja og taldi mikill fjöldi múslima að lausnin fyndist í því að færa sig frá hinum vestrænu gildum og nær endurnýjunar íslamskra viðmiða. Auk þess höfðu hernaðarðagerðir Bandaríkjanna gegn Al Qaeda og innrás þeirra í Írak eftir 11. september og þær uppreisnir sem hófust í Arabaríkjunum eftir 2010 mikið að segja í uppreisn ISIS og möguleikum samtakanna til að koma sinni hugmyndafræði á framfæri. Sagan sýnir að þessar hugmyndir hryðjuverkasamtaka fá jafnan minnkandi vægi meðfram þeim aðgerðum sem lagst er í til að sporna við þeim sem virðist vera að sanna sig undanfarna mánuði í tilviki ISIS. Þó er vert að nefna að hryðjuverkahópar hafa í

gegnum tíðina sýnt fram á getu sína til þess að þróa starfsemi sína í kjölfarið og í samræmi við breytta tíma.

Hryðjuverkastarfsemi hefur í gegnum söguna í miklum mæli átt sér stað sem mótstaða við ríkisvald og hermdarverkin leitast oft eftir pólitískri svörun eða niðurstöðu. ISIS hefur vaxið í samræmi við tímabil í sögunni, landfræðilega staðsetningu og aðstæður á svæðinu. Uppruna samtakana má rekja til viðkvæmra ríkja og í þeirri staðreynd liggur velgengni samtakanna. Bæði í Írak og Sírylandi voru fyrir mikil átök og hópaskipting borgara sem skapaði ISIS gott svigrúm til að koma sér á framfæri, þ.e. átök milli súnníta og sjíta í Írak og milli uppreinsarmanna og stjórnarhers Assad í Sírylandi. ISIS var stofnað í þjóðfélögum sem stjórnað var í óreiðu og meðan sú óreiða varði höfðu samtökin tækifæri til að þróast og dafna eins og þau gerðu.

Ein helsta breyting hryðjuverka síðustu áratuga tengist hnattvæðingu, þ.e. iðnvæðingin og tæknileg þróun og auknir efnahagslegir möguleikar samtaka skapa aðferðir og bjargar sem gerir þeim kleift að framkvæma árásir fjarri raunverulegri staðsetningu sinni. ISIS nýtti bjargar sínar á áhrifaríkan hátt og eru vel skipulögð með góðan efnahag. ISIS hafði gott aðgengi að vopnum, stuðningsmönnum og aðferðum til að valda sem mestum usla. Samtökin nýta sér alla þá miðla nútímans sem eru þeim mögulegir og eru afar færir í tæknimálefnum og spilar þar internetið stóran sess. Þá ber helst að nefna samfélagsmiðla sem er afar áhrifamikill vettvangur til þess að dreifa hugmyndafræði og nýtist vel í nýliðunarferli samtakanna. Myndbönd ISIS og áróðursefni þeirra ná sérstaklega til þeirra sem eru viðkvæmari fyrir öfgafullri hugmyndafræði og auðvelt er að nálgast upplýsingar og komast í samband við meðlimi. ISIS hefur fengið til sín gífurlegan fjölda stuðningsmanna og hermanna með þessum aðferðum sem hefur haft áhrif á velgengni og þróun samtakanna.

ISIS hefur valdið ótta um allan heim og hefur í þó nokkur ár verið helsta hryðjuverkaógn heims. Hryðjuverkaafl sem skapaði skipulagt samfélag og tók yfir landsvæði og kallaði ríki. Samtökunum gekk vel með áætlanir sínar og skapaði hryðjuverkasamtök ólík þeim sem heimurinn hafði áður séð m.a. með stuðningi þvert á landamæri, hermenn frá fjölda mismunandi ríkja, nýtingu sinni á nútíma miðlum og skipulögðu stjórnkerfi. Árangur samtakana virðist þó loks vera að dala þar sem samstarf þjóða hefur náð allmesta landsvæðinu frá þeim sem veikir þá og ýmsir halda því fram að ISIS hafi verið sigraðir. Þó er vert að benda á að það er hugmyndafræði sem skapar hryðjuverkahópa og verður hún ekki kæfð með hervaldi einu og sér. ISIS

er birtingarmynd nútíma hryðjuverkastarfsemi, hvort sem samtökin líði undir lok eða þróist frekar þá er aðferðafræði ISIS það sem koma skal í hryðjuverkum nútímans. Ef koma á í veg fyrir frekari þróun samtaka sem og ISIS og neðanjarðarstarfsemi þeirra virðist svarið liggja í uppbyggingu samfélaga. Þegar sagan er skoðuð er rauður þráður sem sýnir að hryðjuverkasamtök taka mið af og mótast af umhverfi sínu og þeim gildum sem búið er við og eru hryðjuverkahópar ekki líklegir til að dafna í ríkjum án mikilla átaka og sundrunar.

Heimildaskrá

- Al-Rodhan, Nayef R.F. og Stoudmann, Gérard. 2006. *Definitions of Globalization: A Comprehensive Overview and a Proposed Definition*. Geneva Centre for Security Policy, Sviss.
- Awan, Imran. 2017. Cyber Extremism: Isis and the Power of Social Media. *Social Science and Public Policy*. 54:138-149.
- BBC. 2017. Islamic State and the crisis in Iraq and Syria in maps. 28. nóvember. Sótt 10 desember af <http://www.bbc.co.uk/news/world-middle-east-27838034>
- Buisness Insider*. 2017. A caliphate no more - all the land ISIS has lost in the last year. 9. nóvember. Sótt 10 desember af <http://uk.businessinsider.com/isis-is-on-the-run-caliphate-land-lost-2017-11?r=US&IR=T>
- Bunzel, Cole. 2015. *From Paper State to Caliphate: The Ideology of the Islamic State*. The Brookings Institution, Massachusetts.
- CAT. 2016. ISIS Financing 2015. Sótt 11. nóvember 2017 af <http://cat-int.org/wp-content/uploads/2016/06/ISIS-Financing-2015-Report.pdf>
- Cottam, Martha L., Dietz-Uhler, Beth., Mastors, Elena og Preston, Thomas. 2010. *Introduction to Political Psychology*. Psychology Press, New York og Hove.
- Crenshaw, Martha. 1981. The Causes Of Terrorism. *Comparative Politics* 13:379-399.
- Crenshaw, Martha. 2007. The Debate over "New" v. "Old" Terrorism. Kynning flutt á The Annual Meeting of the Americal Political Science Assiciation, Chicago, Illinois.
- Cronin, Audrey Kurth. 2002-2003. Behind the Curve: Globalization and International Terrorism. *International Security* 27/3:30-58.
- Drake, C. J. M. 1998. The Role of Ideology in terrorists' target selection. *Terrorism and Political Violence* 2:53-85.
- Eikmeier, Dale C. 2007. Qutbism: An Ideology of Islamic-Facism. *U.S. Army War College Quartlerly* 37:85-97.
- Jefferis, Jennifer. 2016. ISIS Administrative and Territorial Organization. *IE Med. Mediterranean Yearbook 2016* 241-244.
- Jenkins, Brian Michael. 2006. The New Age of Terrorism. *McGraw-Hill Homeland Security Handbook* 117-130.

- Jordan, David Starr. 1918. PATRIOTISM, NATIONALISM AND PEACE. *The Advocate of Peace (1894-1920)* 78:43-45.
- Knapp, Michael G. 2003. The Concept and Practice of Jihad in Islam. *Parameters: US Army War College* 1:82.
- Miller, Erin. 2016. *Patterns of Islamic State-Related Terrorism, 2002--2015*. START Background Report. College Park. MD.
- Neumann, Peter R. 2009. *Old & New Terrorism. Late Modernity, Globalization and the Transformation of Political Violence*. Polity, Cambridge.
- Odhiambo, Elijah Onyango Standslause. 2014. Religious Fundamentalism and Terrorism. *Journal of Global Peace and Conflict* 1:187-205.
- Oosterveld, Willem Theo og Bloem, Willem. 2017. The Rise and Fall of ISIS, From Evitability to Inevitability. *The Hague Centre for Strategic Studies* 4-23.
- Rapoport, David C. 2002. The Four Waves of Rebel Terror and September 11. *Anthropoestics VIII* 1:2- 15.
- Rogers, Paul. 2015. Terrorism. *Security Studies: An Introduction*, bls. 221-234. Rittstýrt af Paul D. Williams. Routledge, New York.
- Shamieh, Luna og Szenes, Zoltán. 2015. The Rise of Islamic State of Iraq and Syria (ISIS). *AARMS* 4:363-378.
- Stern, Jessica og Berger, J.M. 2015. *ISIS The State Of Terror*. William Collins, Bretland.
- Tilly, Charles. 2004. Terror, Terrorism, Terrorists. *American Sociological* 22:5-13.